

10. nóvember 2025

ERINDISBRÉF

Farsældarráð Norðurlands eystra

Ábyrgðarmaður: Verkefnastjóri Farsældarráðs Norðurlands eystra.

Inngangur: Í samræmi við 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, hafa sveitarfélögin Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langesbyggð, Norðurþing, Svalbarðsstrandarhreppur og Þingeyjarsveit samþykkt stofnun Farsældarráðs Norðurlands eystra.

Stjórn SSNE samþykkti á fundi sínum 4. september 2025, samstarfssamning sveitarfélaganna um stofnun ráðsins auk þess að samþykkja starfsreglur og skipurit ráðsins og voru þessi stofnskjöl send sveitarstjórnunum til afgreiðslu. Þau voru svo samþykkt í bæjarráðum sveitarfélaganna á tímabilinu 16. september - 14. október. Auk fulltrúa sveitarfélaganna sitja í ráðinu fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Sjúkrahússins á Akureyri, Lögreglunnar á Norðurlandi eystra, framhaldsskólanna á Norðurlandi eystra og Svæðisstöðvar íþróttahéraða UMFÍ og ÍSÍ.

Hlutverk og verkefni:

- Farsældarráð rýni og yfirfari fyrirbyggjandi gögn um stöðu barna á Norðurlandi eystra, með áherslu á gögn úr Íslensku æskulýðsrannsókninni.
- Farsældarráð forgangsraði aðgerðum í takt við stöðuna með áherslu á samvinnu aðila og samþættingu þjónustu.
- Farsældarráð mótar aðgerðaáætlun til fjögurra ára sem byggir á stefnu stjórnvalda um farsæld barna, niðurstöðum farsældarþings og stöðumats á Norðurlandi eystra. Áætlunin skal endurspeglar svæðisbundnar áskoranir og tækifæri og skilgreina skýr markmið, aðgerðir, tímaramma, mælikvarða um árangur og ábyrgðaraðila. Verkefnastjóri heldur utan um vinnu ráðsins við mótun áætlunarinnar.
- Þegar farsældarráð hefur samþykkt aðgerðaáætlun skal hún lögð fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga og yfirstjórn þeirra opinberu stofnana sem eiga sæti í ráðinu. Aðgerðaáætlunin og innleiðing hennar skal endurskoðuð árlega, einkum í tengslum við árlega yfirferð á niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og öðrum viðeigandi greiningum. Hún skal birt opinberlega á heimasíðum þjónustuveitenda sem eiga aðild að ráðinu.
- Ráðið skal tryggja reglulegt og markvisst samráð við börn, foreldra og aðra notendur þjónustu. Þetta skal m.a. gert í gegnum samráð við ungmennaráð, notendaráð, foreldraráð og annan sambærilegan vettvang. Verkefnastjóri annast skipulag samráðsins og eftirfylgni.

Með ráðinu starfar: Verkefnastjóri Farsældarráðs Norðurlands eystra.

Starfstímabil: Skipun í farsældarráð er ótímabundin en óski aðili eftir því að breyta tilnefningu sinni skal það gert í samráði við formann og verkefnastjóra farsældarráðs. Óski fulltrúi lausnar frá farsældarráði skal því erindi beint til þess aðila sem tilnefndi viðkomandi.

Skipan farsældarráðs:

Eftirfarandi einstaklingar hafa verið tilnefnd í Farsældarráð Norðurlands eystra:*

Sveitarfélag/Stofnun	Aðalmaður	Titill	Varamaður	Titill
Akureyri	Karólína Gunnarsdóttir	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Kristín Jóhannesdóttir	Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs
Dalvíkurbyggð	Eyrún Rafnsdóttir	Sviðsstjóri félagsmálasviðs	Gísli Bjarnason	Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs
Eyjafjarðarsveit	Bjarki Ármann Oddsson	Skrifstofustjóri		
Fjallabyggð	Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Hjörtur Hjartarson	Deildarstjóri félagsmáladeildar
Grýtubakkahreppur	Þorgeir Rúnar Finnsson	Skólastjóri	Margrét Ósk Hermannsdóttir	Leikskólastjóri
Hörgársveit	Sigríður Valdimarsdóttir	Skólafélagsráðgjafi	Bára Björk Björnsdóttir	Sérkennslustjóri
Langesbyggð	Hilma Steindardóttir	Skólastjóri	Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir	Leikskólastjóri
Norðurþing	Jón Höskuldsson	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Lára Björg Friðriksdóttir	Félagsmálastjóri
Svalbarðsstrandarhreppur	María Aðalsteinsdóttir	Skólastjóri	Guðrún Hallfríður Björnsdóttir	Leikskólastjóri
Þingeyjarsveit	Hjördís Sigríður Albertsdóttir	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs	Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir	Verkefnastjóri skólajónustu Þingeyjarsveitar
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Guðný Friðriksdóttir	Framkvæmdastjóri hjúkrunar	Inga Lára Símonardóttir	Yfirhjúkrunarfræðingur svæðis á Akureyri
Sjúkrahúsið á Akureyri	Snæbjörn Ómar Guðjónsson	Sérfræðingur í geðhjúkrun	Ingunn Eir Eyjólfisdóttir	Félagsráðgjafi
Lögreglan á Norðurlandi eystra.	Halldór Tumi Ólason	Verkefnisstjóri í samfélagslöggæslu	Páley Borgþórsdóttir	Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
Framhaldsskólar á Norðurlandi eystra	Svava Hrönn Magnúsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi VMA	Benedikt Barðason	Skólameistari VMA
Svæðisstöð íþróttahéraða UMFÍ og ÍSÍ á Norðurlandi eystra	Kristján Sturluson	Svæðisfulltrúi á Norðurlandi eystra	Þóra Pétursdóttir	Svæðisfulltrúi á Norðurlandi eystra

*Sjá meðfylgjandi skipurit.

F.h. Farsældarráðs Norðurlands eystra



Þorleifur Kr. Níelsson
 verkefnastjóri Farsældarráðs Norðurlands eystra